

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja viðvikjandi þingsályktun um 57
 að mældur verði Húnaflói og uppsigling á Hvammsfjörð. — Eptir að Thorberg lands- 24 marz.
 höfðingi með brjefi 17. sept. f. á. hafði sent hingað ályktan samþykktu af alþingi um
 að mældur verði Húnaflói og uppsigling á Hvammsfjörð, ritaði ráðgjafinn fyrir Ísland
 sjóliðsstjórninni um málið og mæltist til þess, að hún yrði við beiðni þeirri, sem þings-
 ályktunin færi fram á. Sjóliðsstjórnin hefur svarað þessu þannig, að sig vanti hið nauð-
 synlega fje til mælinga þessara, en að hún fyllilega kannist við, að þeirra sje orðin
 þörf.

Þetta læt jeg ekki hjálða þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfð-
 ingi, til leiðbeiningar og til birtingar.

Brjef landshöfðingja til kaupstjóra Tryggva Gunnarssonar um samskotafjeð 58
 til styrktar þeim, er biðu tjón af öskufallinu í Múlasýslum 1875. — Í þóknanlegu 17. maí.
 brjefi, dagsettu 6. nóvember f. á. hafði þjer, herra kaupstjóri, skýrt frá, að í yðar vörzl-
 um sje fje, sem skotið hafi verið saman sumarið 1875 til styrktar þeim, sem biðu tjón
 af öskufallinu í Múlasýslum það ár, og þareð þjer sjeuð einn eptir af mönnum þeim,
 sem gengust fyrir áminnstum samskotum, og yður því standi næst að ráðstafa fjenu,
 hafði þjer eptir samkomulagi við amtmanninn yfir norður- og austuramtinu ákveðið, að
 umgetið samskotafje verði lagt við styrktarsjóð stofnadan með skipulagsskrá 4. marz 1878
 handa þeim, er biða tjón af jarðeldi á Íslandi, en þó þannig, að fje þetta leggist við
 þann hluta tjeðs sjóðs, sem eingöngu er ætlaður til að ljetta neyð eða bæta tjón af
 jarðeldi, sem Múlasýslurnar síðar meir kynnu að verða fyrir. Hafði þjer því farið þess
 á leit, að landshöfðinginn veiti áminnstu samskotafje, sem eptir síðar meðteknum reikn-
 ingi frá yður nemur kr. 1375,91 viðtöku, til að leggjast við styrktarsjóðinn samkvæmt
 áðursögðu.

Þareð landshöfðinginn þegar áður í brjefi til amtmannsins yfir norður- og aust-
 uramtinu, dagsettu 24. júlí f. á. hefur samþykkt eptir tillögum amtsráðsins í tjeðu amti,
 að umrætt samskotafje sje lagt við styrktarsjóðinn handa þeim, sem biða tjón af jarð-
 eldi, og jeg sje ekkert því til fyrirstöðu eptir skipulagsskrá sjóðsins, að sú ákvörðun sje
 gjörð, að vöxtum og innstæðu samskotasjóðsins eingöngu sje varið í þarfir beggja Múla-
 sýs'nanna, er jeg fús á að veita nefndu fje viðtöku til þess að leggjast við styrktarsjóð-
 inn á þennan hátt, og skal jeg því skora á yður að greiða mjer fjeð, annaðhvort í pen-
 ingum eða í konunglegum ríkisskuldabryfum, svo fljótt sem hentugleikar yðar leyfa.

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um umburðarbrjef dómsmálastjórn- 59
 arinnar viðvikjandi flöskum, sem prinsinn af Monaco hefur kastað í Golfstrauminn. 20. maí.
 — Í sambandi við brjef landshöfðingjans 24. f. m., sendist yður hjer með, herra amt-
 maður, 1 expl. af umburðarbrjefi dómsmálastjórnarinnar til allra amtmanna í konungs-

1) Umburðarbrjef þetta hljóðar svo:

Dómsmálastjórnin.

Kaupmannahöfn 9. marz 1886.

Frá sendiherra hins frakkneska þjóðveldis hjer í borginni hefur dómsmálastjórnin gegnum ráð-
 herra utamíkismálanna fengið áskorun til dönsku stjórnarinnar um, að embættismenn í Danmörku ljái
 líðsinni sitt til, ef ske kynni að eitthvað af flöskum þeim, sem erfðaprinsinn af Monaco og Pouchet

24. dag júnímán. 1886.